



○○○○

2026

# GR KONUR

SUMARIÐ FER  
AÐ KOMA



## Framundan í starfinu

Árið 2026 hefst með okkar árlegu og vinsælu púttmótaröð, sem hefur ávallt verið fjölsóttasta mótið hjá GR konum. Í ár eru um 200 konur skráðar, sem undirstrikar hversu stór og kraftmikil hópurinn okkar er.

Kvennanefndin vinnur nú að því að setja saman drög að árlegri dagskrá, þar sem eftirfarandi hefðbundnu mót verða á sínum stað:

- Vormót – sparkar tímabilinu formlega af stað. Staðfest 30. maí - takið daginn frá
- Sumarmótaröð – okkar vinsæla mótaröð yfir sumarmánuðina
- Vinkvennamót – skemmtilegt og létt mót með Keiliskonum
- Nýliðamót – fræðslumót sérstaklega ætlað konum sem eru að taka sín fyrstu skref í golfi
- Kvöldmót – kom nýtt inn í fyrra og tókst frábærlega, því það verður áfram á dagskrá

Að þessu öllu loknu endum við árið með glæsilegu haustmóti og veglegu lokahófi fyrir sumarmótaröð og haustmótið.

Starfinu líkur þó ekki þarna því 25. september verður sérstök GR konu ferð til Valla de Este sem sett er upp í samstarfi við Icelandair Vita.



## FÉLAGSFERÐ GR KVENNA HAUST 2026

Félagsferð GR kvenna - Valle de Este 2026

Eins og kynnt hefur verið á Facebook-síðu GR kvenna er nú ákveðið að félagsferðin árið 2026 verði farin til Valle de Este. Ferðin er skipulögð í samstarfi við

Icelandair VITA, sem jafnframt styrkti verkefnið með rausnarlegum gjafabréfum á haustmóti okkar 2025. Valle de Este er vinsæll golf áfangastaður með

frábærum völlum, góðu hóteli og aðstöðu sem hentar einstaklega vel fyrir kvennahóp okkar. Skráning er komin af stað, þó rólega í byrjun, en við

vitum að mikill áhugi er fyrir ferðinni og margar konur að íhuga að skrá sig þegar nær dregur. Við hvetjum allar sem hafa hug á að koma með til að

tryggja sér pláss og taka jafnvel vinkonu með í ferðina. Við hlökkum mikið til þess að kynnast skemmtilegum hópi GR kvenna og eiga saman góða daga í Valle de Este haustið 2026



## „Að stíga skrefið: Kristín Halla kynntist konum í golfi í sinni fyrstu GR konu ferð“

Ég byrjaði í GR vorið 2017, þá ný í golfi. Var þá ekki með neinar golfvinkonur, spilaði með manningum mínum eða bara skráði mig með einhverjum í rástíma. Haustið 2018 var svo boðið upp á kvennaferð og þar sem minn maður fer alltaf í golfferðir með sínum golfhóp á haustin ákvað ég bara að skrá mig ein í þessa ferð. Við fórum til El Plantio og þar eru íbúðir á hótelinu svo ferðaskrifstofan talaði við 2 eldri konur sem voru í 3ja herbergja íbúð og ég fékk að vera með þeim. Hafði samt aldrei hitt þær og hitti ekki fyrr enn við komum til Spánar. Þessi ferð breytti svakalega miklu hjá mér. Ég kynntist mjög mörgum frábærum konum og er enn í sambandi við í dag, spila með og ein er með mér í golfhóp. Fljótlega eftir þetta var hringt í mig og ég beðin um að koma í kvennanefndina svo já, ég mæli algjörlega með að fara í svona ferðir til að efla tengst kvenna innan GR.

Sjá bakhlið

## Ecco þúttmótaröðin 2026

Í ár er þúttmótaröð GR kvenna haldin í samstarfi við Ecco, sem er einstaklega öflugur og traustur styrktaraðili. Ecco er þekkt fyrir framúrskarandi gæði, þægindi og hönnun þegar kemur að golfskóm – eiginleikar sem skipta okkur GR konur máli þegar við viljum það besta.

Við GR konur erum stolt af samstarfinu og veljum Ecco þar sem gæði og þægindi fara saman við góðan árangur og jákvæða upplifun í golfi.



# ECCO®



## Styrktaraðilar og mikilvægi þeirra

Styrktaraðilar skipta sköpum fyrir kvennastarf GR. Með þeirra stuðningi getum við haldið áfram að standa fyrir vel skipulögðum og skemmtilegum mótum sem skapa jákvæða upplifun fyrir allar konur í starfinu.

Stuðningurinn gerir okkur kleift að bjóða upp á vandaða umgjörð, flott verðlaun og metnaðarfulla dagskrá sem hefur orðið að einkennum GR kvenna.

Við leggjum mikla áherslu á að hampa fyrirtækjunum sem styðja við bakið á okkur – bæði í kynningum, á mótisdögum og í samtölum við okkar öfluga hóp. Góðir styrktaraðilar eru ómissandi hluti af starfinu og án þeirra væri kvennastarfið einfaldlega ekki það sama.

Við erum þakklátar fyrir hvert og eitt fyrirtæki sem velur að standa með okkur og stuðlar að áframhaldandi vexti og vinsældum kvennagolfs í GR.

Hafi GR konur sambönd við fyrirtæki sem sjá hag sinn í því að styðja við Kvennastarfið þá óskum við eftir því að þið látið okkur vita.



## Hefur þú áhuga á að starfa með okkur?

Kvennanefndin leitar að kröftugum konum í nefndina. Framundan er að skipuleggja starfsárið og halda áfram glæsilegu starfi sem byggst hefur upp síðustu ár. Hvort sem þú ert ný í golfi eða ert reynslubolti þá endilega heyrðu í okkur. Best er ef nefndin er skipuð fjölbreyttum hópi.

Við erum alltaf opnar fyrir nýjum hugmyndum svo ef þú hefur góða hugmynd sendu á [grkvennanefnd@gmail.com](mailto:grkvennanefnd@gmail.com)

## Öflugt kvennastarf sem skilar sér

GR er ekki bara stærsti golfklúbbur á Íslandi heldur í Evrópu. Konur í klúbbnum eru um 35% félagsmanna – öflugur og vaxandi hópur sem skiptir miklu máli í klúbbstarfinu. Kvennastarf GR var upphaflega stofnað til að fjölga og styrkja konur í golfíþróttinni, á tíma þegar færri konur tóku þátt í mótum og félagsstarfi.

Í dag hefur staðan breyst til hins betra. Konum hefur fjölgað verulega í golfi og áhuginn er meiri en nokkru sinni áður. Því snýst hlutverk kvennanefndarinnar í dag ekki lengur um að fjölga konum – heldur um að styðja þær, hvetja og skapa vettvang þar sem konur njóta sín í íþróttinni.

Við leggjum áherslu á að:

Hvetja konur til að taka þátt í mótum

Gera golfreglurnar aðgengilegar og skýrar,

Búa til viðburði þar sem konur geta kynnst öðrum konum með sama áhugamáli

Skapa jákvætt, skemmtilegt og styrkjandi samfélag meðal GR kvenna

Við vitum að sumar konur eru dálítið feimnar við að skrá sig í mót – og það er einmitt þar sem kvennastarfið skiptir máli. Með fræðslu, góðum upplýsingum, stuðningi og jákvæðri hvatningu viljum við gera mót og viðburði að öruggum og skemmtilegum vettvangi fyrir allar konur, óháð getu eða reynslu.

Kvennastarf GR er þannig fyrst og fremst samfélag – þar sem konur styðja konur, læra saman og njóta golfins á sínum forsendum.

